

**Ebba Schram borgarlögmaður
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík**

Reykjavík, 31. ágúst 2026
Mál nr. F10/2026

Nýlega hafa umboðsmanni Alþingis borist ábendingar um að svonefnt aukastöðugjald hafi verið lagt á í tilefni lagninga bifreiða í gjaldskyld bifreiðastæði enda þótt stæðiskort fyrir hreyfihamlaða hafi verið sýnilegt og þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 87. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt ábendingunum mun hafa orðið breyting á framkvæmd Reykjavíkurborgar að þessu leyti eftir að í gagnið var tekin sérstök eftirlitsbifreið, sem búin sé myndavélum er greini skráningarmarki bifreiða og beri saman við upplýsingar um greiðslu fyrir afnot af bifreiðastæðum á gjaldskyldum svæðum. Ætla verður að í þessu tilliti sé vísað til þess að stæðiskort séu ekki endilega sýnileg umræddum myndavélum.

Samkvæmt 2. mgr. 87. gr. umferðarlaga er handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða skv. 1. mgr. greinarinnar heimilt að leggja ökutæki í gjaldskyld bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu, enda sé þá gætt ákvæða 3.–5. mgr. sömu greinar. Í síðarnefndu málsgreinunum er mælt fyrir um skyldu til að hafa stæðiskort sýnilegt með tilgreindum hætti, skyldu til að sýna stæðiskort við eftirlit auk ákvæða um misnotkun og haldlagningu stæðiskorta.

Að framangreindu gættu og með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er þess óskað að Reykjavíkurborg upplýsi umboðsmann um framkvæmd álagningar aukastöðugjalda við fyrrgreindar aðstæður. Er þess þannig óskað að upplýst verði hvernig fari um tilvik þar sem stæðiskort fyrir hreyfihamlaða er sýnilegt í bifreið með þeim hætti, sem kveðið er á um í 3. mgr. 87. gr. umferðarlaga, og farið er að ákvæðum laganna að öðru leyti en eftirlit fer fram með aðstoð fyrrgreindrar eftirlitsbifreiðar sveitarfélagsins. Fari fram álagning við slíkar aðstæður án þess að aðgætt sé hvort undanþága frá greiðsluskyldu í samræmi við 2. mgr. 87. gr. umferðarlaga eigi við, er þess óskað að Reykjavíkurborg lýsi afstöðu sinni til þess hvort fullnægjandi rannsókn teljist hafa farið fram áður en ákvörðun um álagningu er tekin, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Þess er óskað að svör berist umboðsmanni eigi síðar en 15. september nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis



Þorsteinn Davíð Stefánsson